

29. júní 1929, og Susie Briem konu hans, f. 28. marz 1861, gift 30. sept. 1880, dain 88
 29. des. 1937, dóttir Williams Stuarts Taylor, húsagerðarmeistara í Argyle). 7. júní

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag sonar þeirra hjóna og nokkurra vina, kr. 3300.00
 — þrjú þúsund og þrjú hundruð krónur —.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að skreyta dvalarstofur í barnaspítala í Reykjavík með fögrum myndum eða vel gerðum munum, leikföngur og kennslutækjum, er glæði fegurðarsmekk barnanna, eða gefa hollar bækur eða aðrar gagnlegar gjafir þeim börnum spítalans, sem eru jafnöldrum sínum til fyrirmyndar um fagra háttsemi og siðprýði.

Þegar sjóðurinn vex, svo að fært þyki, má og verja útborguðum vaxtahluta til annars þess, er börnunum má að gagni koma að dómi sjóðstjórnarinnar.

4. gr.

Höfustól sjóðsins skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Þar til væntanlegur spítali tekur til starfa, skulu allir vextir leggjast við höfuðstólinn, síðan einn þriðji hluti ársvaxta. Effirstöðvar vaxtanna greiðist sjóðstjórninni, til þess að hún verji þeim samkvæmt tilgangi sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn: yfirhjúkrunarkona spítalans, formaður barnaverndarráðs Íslands og formaður barnavinafélagsins Sumargjöf. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Svo framarlega að einhver af framangreindum aðilum telur sér ekki fært að taka sæti í stjórn sjóðsins, skal maður í hans stað skipaður af kennslumálaráðuneytinu.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal reikningur árlega sendur kennslumálaráðuneytinu.

7. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisstjóra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 20. maí 1944.

Sigurður H. Briem. Ingibjörg E. Eyfells.

S A M Þ Y K K T

89

um fjárskipti á svæðinu milli Jökulsár á Fjöllum og Skjálfafljóts, norðan við Gæsafjallagirðingu og Reykdælahrepp, samkv. lögum nr. 88 9. júlí 1941. 9. júní

1. gr.

Svæði það, sem samþykkt þessi nær til, eru allir hreppar milli Jökulsár á Fjöllum og Skjálfafljóts, norðan Gæsafjallagirðingar og Reykdælahrepps, þ. e. Kelduneshreppur, að undanskilinni jörðinni Bakka, Tjörneshreppur, Húsavíkurhreppur, Reykjahreppur og Aðaldælahreppur.

89

9. júní

2. gr.
Tvöfölduð verði hin svonefnda Gæsafjallagirðing frá Jökulsá að Laxá. Enn fremur verði girt meðfram Skjálfandafljóti frá sjó suður að Reykdælahreppsgirðingu.

3. gr.

Útrýming alls sauðfjár og geitfjár á þessu svæði skal fara fram næsta haust, en annars svo fljótt sem við verður komið.

Fjárfjöldi á svæðinu mun við síðastl. áramót hafa verið um 9000 — níu þúsund.

4. gr.

Fulltrúaráð fjárskiptamála skipa 15 menn eða 3 menn fyrir hvern hrepp. Eru þeir kosnir af almennum fundi atkvæðisbærra fjáreigenda í hverjum hreppi. Kjósa skal fulltrúana hlutbundnum kosningum, ef óskað er. Jafnmargir varamenn skulu kosnir á sama hátt.

Framkvæmdanefnd skipa 5 menn og aðrir 5 til vara.

Framkvæmdanefndin skal kosin af fulltrúaráðinu.

5. gr.

Aðalstörf framkvæmdanefndar eru:

að sjá um fullkomna eyðingu hins gamla fjárstofns og það á sem hagfelldastan hátt;

að vinna að því að einangrun svæðisins verði sem öruggust og bezt;

að greiða fyrir kaupum á ósýktu fé.

Framkvæmdanefndin skal starfa að málefnum fjárskiptasvæðisins í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd og framkvæmdastjóra hennar og sjá fyrir sitt leyti um að framkvæmdir allar séu í sem beztu lagi og í samræmi við gildandi lög, er þar að lúta.

6. gr.

Sameiginlegur kostnaður, sem ekki tilheyrir fjárkaupum og jafnast á innkeypt fé, skiptist á hreppana í hlutfalli við meðalfjártölu þeirra, samkv. vorframtali 5 síðustu ára áður en fjárskipti fóru fram.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 88 9. júlí 1941 til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. júní 1944.

Vilhjálmur Þór.

Páll Pálmason.